

## Umræða um landbúnað

LEIDARI

Nú hefur verið mælt fyrir lagafrumvörpum á Alþingi um búvörulög og fleira, sem varðar staðfestingu ríkisins á nýjum búvörusamningum til 10 ára og lagaumgjörð þeirra. Áætlanir eru um að fresta fundum Alþingis 2. júní og er ekki gert ráð fyrir að framangreind lagafrumvörp verði að lögum fyrr en Alþingi kemur saman á ný eftir verslunarmannahelgi.

Eins og við er að búast skapast umræða um svo viðamikil mál og sýnist sitt hverjum. Hvassyrtaðir eru þeir sem sjá engin eða lítil verðmæti í því að hafa innlenda matvælaframleiðslu og virðast ekki sjá að atvinnulífið er einn vefur, þar sem ein grein styður aðrar. Mikil tækifæri eru til nýsköpunar og tekjuöflunar þar sem greinar skarast. Lyf eru unnin úr hráefnum sem voru talin úrgangur áður og áhugi ferðamanna vaknar á íslenskum mat og matargerðarlist, svo dæmi séu tekin. Einnig er engu líkara en að sumir telji innflutningstolla íslenska uppfinningu. Má nefna að þegar MS flytur skyr umfram kvóta til ESB þarf að greiða 45 kr. í toll af hverri 170 g dós. Mikið vanmat er almennt á stuðningi við landbúnað í okkar nágrannalöndum, þar sem hann er ekki eins gegnsær og á Íslandi, heldur meira á forni óframleiðslutengds stuðnings og skattaávilnana. Einkennilegast er þó þegar þeir sem setja fram tillögur sem kollvarpa a.m.k. stórum hluta þess landbúnaðar sem stundaður hefur verið á Íslandi, halda því fram að tillögurnar muni ekki síst koma bændum vell!

Steinþór Skúlason forstjóri Sláturfélags Suðurlands fjallaði um þetta í síðustu ársskýrslu fyrirtækisins og var vitnað til þess í fjölmiðlum. Í ljósi umræðunnar nú langar mig að birta hér hluta af hans texta:

„Umræða um landbúnað er oft á tíðum líffleg og nokkur sjónarmið á lofti. Einkum takast á þeir sem vilja mjög aukinn innflutning sjálfum sér og öðrum til hagsbóta og hinir sem telja verðmætin í íslenskum



landbúnaði mikil og verði ekki eingöngu metin út frá lægsta heimsmarkaðsverði.

Því er oft ranglega haldið fram að slæmt kerfi haldi aftur af nýsköpun og frelsi bænda og aukinn innflutningur og afnám þessa „vonda“ kerfis bæti hag bænda og neytenda og losi bændur úr einhverjum fjötrum. Það er þekkt áróðurstækni að síendurtaka ranga hluti og gera þá með þeim hætti að viðurkenndum staðreyndum í huga fólks.

Í kjötframleiðslunni eru allir frjálssir að því að framleiða eins og þeir vilja. Það er ekkert kerfi sem stjórnar framleiðslunni eða heldur aftur af bændum. Fullyrðingar um annað eru vísvitandi blekkingar. Það er til staðar stuðningur og það er innflutningsvernd.

Útfærsla á stuðningi getur vissulega verið framleiðsluhvetjandi eða letjandi en ekki er hægt að halda því fram að kerfið sem slíkt komi í veg fyrir nýsköpun eða einkaframtak. Stuðningur við landbúnað er mikill á Íslandi eins og aðstæður landsins krefjast. En því má ekki gleyma að stuðningurinn hefur minnkað mikið á liðnum árum sem hlutfall af landsframleiðslu.

Aukning ferðaþjónustunnar hefur öðru fremur komið Íslandi hratt úr kreppu. Hagsmunir ferðamennsku og landbúnaðar fara saman og styðja hvorir við aðra. Það eru mikil dulin verðmæti í innlendum landbúnaði sem gerir landið áhugaverðara og heldur því í byggð. Þjóð án öflugs landbúnaðar er fátæk þjóð.“

Þetta er allt hárrétt hjá Steinþóri.

Með góðri kveðju,

Ari Edwald

### FORKÆLIR Á MJALTAKERFI SPARAR ORKU OG TRYGGIR BETRI MJÓLKURGÆÐI



### GRILLBRAUÐ FYLLT MEÐ CAMEMBERT

Hér er skemmtileg uppskrift af vefnum okkar gottimatinn.is en það er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt.

#### Grillbrauð

2½ dl súrmjók  
2 msk agavesíróp  
1 tsk hjartarsalt  
5 dl hveiti (5-6 dl.)  
2 stk camembert



Aðferð: Blanda saman súrmjók og sýrópi. Bæta svo þurrefnunum út í og hnoða vel saman. Rúlla deigið í lengju og geyma í kæli í klukkustund, skipta því síðan í sirka 8 hluta. Skerið ostinn eftir endilöngu í 4 bita hvern. Fletjið út degið og setjið einn bita af camembert á hvern bita pakkði inn. Grillið á útigrilli á öllum hliðum 2 mín á hvorri hlið berið fram með rifssultu eða blönduðum berjum.

Höfundur: Árni Þór Arnórsson


# Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

## Framleiðsla mjólkur

Að liðnum 20 fyrstu vikum ársins 2016, er mjólkurframleiðsla að meðaltali 9,5% meiri í samanburði við sömu vikur fyrra árs – 2015. Síðustu vikur eru með framleiðslu sem nemur rýflega 7% aukningu milli ára. Mjólkurframleiðsla hefur aldrei verið jafn mikil og er í sögulegu hámarki. Framleitt vikumagn nemur nú um rúmlega 3,1 milljónum lítrum.

Mynd 1 Þróun vikulegrar innvigtunar mjólkur á árinu 2016



Mynd 2



Í mynd 2 má sjá breytingu í framleiðslu milli 2 – 20 vikna á árinu 2015 – 2016. Á síðustu 4 vikum hefur framleiðsla verið um 7% aukning milli ára.

## Ráðstöfun mjólkur í sölu, útflutning og birgðir


### Sala mjólkur

Í mynd 3 má sjá umreiknaða ráðstöfun mjólkur á ársgrunni síðustu 12 mánuði, þ.e. maí 2015 – apríl 2016. Sala mjólkur nam um 124,1 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því aukist um 2,12% á 12 mánaða tímabili. Umreiknuð sala á fitugrunni var 133,8 milljónir lítra og jókst um 2,74%. Á sama tíma var framleiðsla mjólkur um 151 milljónir lítra. Framleiðsla umfram sölu á sama tíma var því um 26,8 milljónir lítra á próteingrunni og um 17,1 milljónir lítra á fitugrunni.

Mynd 3 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur m.v. apríl 2016

Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	32.879.503	31.444.415	24.914.733	44,02	40,29	40,43
Innvegin mjólk	13.322.546	39.896.601	151.008.400	9,14	11,87	11,01
Seldar afurðir	10.518.971	31.354.537	124.140.519	3,65	5,64	2,12
Útflutningur	1.663.702	6.039.667	16.998.771	378,76	97,34	150,07
Birgðir í lok	33.177.124	33.177.124	33.177.124	33,16	33,16	33,16
Mismunur	842.251	769.689	1.606.719	-325,32	83,17	223,69
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	27.827.622	24.644.878	15.521.820	13.745.697	96,80	26,58
Innvegin mjólk	13.322.546	39.896.601	151.008.400	9,14	11,87	11,01
Seldar afurðir	10.646.965	33.138.919	133.839.505	1,55	3,28	2,74
Útflutningur	2.166.329	3.304.052	3.993.848	40.483,11	7.408,47	405,27
Birgðir í lok	27.936.287	27.936.287	27.936.287	79,98	79,98	79,98
Mismunur	400.587	162.222	760.581	-776,16	-69,55	-55,52

Mynd 4



## Birgðir helstu vara

Eins og kemur fram á mynd 4 eru birgðir smjörs um 630 tonn í lok maí 2016 (24/5). Birgðir undanrennuftu eru rúmlega 800 tonn á sama tíma. Það sem af er ári 2016 er þegar búið að flytja úr landi um 735 tonn af undanrennufti 160 tonn af smjöri og 42 tonn af osti.

## Staða framleiðslu og horfur

Eins og fram hefur komið hefur framleiðsla mjólkur ekki dregist saman að neinu teljandi marki. Framleiðsla mjólkur hefur legið að meðaltali um 9,5% yfir í samanburði vikna milli ára. Líklegt er að þegar liður á júlímánuð nk. megi sjá hvort einhver straumhvörf verði í mjólkurframleiðslunni sem hafi teljandi áhrif á samanlagða framleiðslu ársins. Að öllu óbreyttu má ætla að mjólkurframleiðsla ársins 2016 geti legið á bilinu 153 – 157 milljónir lítra.

Pálmi Vilhjálmsson  
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs



# MS afhendir skurðarborð og lyftara til Landspítala

FRÉTTIR

Síðastliðið haust blés Mjólkursamsalan til söfnunar á nýjum tækjabúnaði fyrir Landspítalann undir yfirskriftinni *Mjólkinn gefur styrk*. Meðan á átakinu stóð skipti D-vítamínbætt léttmjólk tímabundið um útlit og runnu 30 kr. af hverri seldri fernu til tækjakaupa á spítalanum. Átakinu var hleypt af stokkunum á einni af skurðeildum Landspítalans þar sem Ari Edwald, forstjóri MS, afhenti Páli Matthíassyni, forstjóra Landspítalans, fyrstu góðgerðarferuna.

Samtals söfnuðust 15 milljónir króna og voru þær nýttar til að stórbæta tækjabúnað og starfsaðstöðu á bæklunarskurðeild Landspítalans.

Söfnunin stuðlaði að því að nýr o-bogi er nú kominn í notkun á skurðstofu í Fossvogi. O-boginn var keyptur fyrir íslenskt skattfé og þykir nýfast sérlega vel til vandasamra aðgerða í bæklunarlækningum, svo sem flókinna aðgerða á hrygg. O-boginn gerir læknum kleift að fá þrívíddarmyndir af beinum sjúklinga meðan þeir eru í aðgerð sem jafnast á við bestu tölvusneiðmyndir, að sögn Björns Zoëga, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum. Öryggi og nákvæmni í öllum aðgerðum eykst til muna með tilkomu nýrra tækja en til þess að geta nýtt o-bogann þurfti spítalinn enn fremur sérstakt skurðarborð sem o-boginn getur myndað í gegnum. Það skurðarborð, auk sérstaks lyftara, er tilkomandi fyrir gjafafé frá Mjólkursamsölunni. Tækjabúnaðurinn var formlega afhentur nú í vikunni en var settur upp og tekinn í notkun fyrr á árinu, enda þörfin og biðin eftir hvoru tveggja orðin löng.



Eftir formlega afhendingu og kynningu á nýjum tækjabúnaði og því hvernig hann breytir og bætur þjónustu við skjólstæðinga sem og vinnuumhverfi starfsmanna var að sjálfsögðu skálað í ískaldri mjólk. Hér á síðunni má sjá nokkrar myndir frá afhendingu skurðarborðsins og þar sést nýi o-boginn jafnframt.

Guðný Steinsdóttir  
Markaðsstjóri MS



# Viðurkenning fyrir gott samstarf í þágu fólks með skerta starfsgetu

ATVINNUMÁL



Ársfundur Vinnumálastofnunar var haldinn á Grand Hotel þann 12. maí síðastliðinn. Á þeim fundi fengu fjögur fyrirtæki/vinnustaðir viðurkenningar fyrir gott samstarf í þágu fólks með skerta starfsgetu. Mjög ánægjulegt er að segja frá því að Mjólkursamsalan á Selfossi var í þessum hópi ásamt Hagstofunni, Samkaup og Sóltúni hjúkrunar-



heimili. Það voru Inga Guðrún Birgisdóttir mannauðsstjóri og Gísli Jósef Hreggviðsson verkstjóri á Selfossi sem tóku við viðurkenningunni úr höndum Félags- og húsnæðismálaráðherra Eyglóar Harðardóttur.

## Fyrirmyndarbú

Ágætu bændur,

Fyrir nokkrum misserum ákváðu Landsamband kúabænda (LK) og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) að hleypa af stokkunum verkefninu „Fyrirmyndarbú“, leiðbeiningar um góða búskaparhætti á kúabúum. Upplýsingar um þetta verkefni hafa verið aðgengilegar inni á [naut.is](http://naut.is) um talsverðan tíma.

Tilgangur fyrirmyndarbúsins er að tryggja ákveðinn gæðastaðal við framleiðslu mjólkur.

Stjórn Auðhumlu telur mikilvægt að bæta ímynd kúabúa í augum neytenda og styrkja stöðu okkar framleiðslu í samkeppni við innflutning. Við viljum geta sagt neytendum með góðri samvisku að okkar mjólk sé framleidd við aðstæður þar sem hreinlæti og dýravelferð sé höfð í fyrirrúmi.

Til að vinna að verkefninu fyrir Auðhumlu var settur á laggirnar starfs hópur en í honum voru Birna Þorsteinsdóttir, Arnar Bjarni Eiríksson, Garðar Eiríksson, Pálmi Vilhjálmsson, Jón K. Baldursson og Jarle Reiersen. Nú hefur Elín Margrét Stefánsdóttir tekið við af Arnari Bjarna.

Á vormánuðum voru unnin drög að vinnuleiðbeiningum fyrir úttektir og úttektarblað sem hafa verið til kynningar og umsagnar bæði inni á [audhumla.is](http://audhumla.is) og [naut.is](http://naut.is). Fáar ábendingar hafa borist.



Staðan í dag er þannig að okkur vantar aðstoð frá mjólkurframleiðendum til þess að þróa verkefnið sem best áfram og því hvetjum við bændur til að koma með ábendingar um hvað þeir telji að betur megi fara. Eins bjóðum við bændum að fá prufuúttekt sem er þá einnig góður vettvangur til að koma ábendingum á framfæri.

Markmiðið er að framkvæmd úttekta verði eins um allt land og því mun Jarle Reiersen annast þær allar til að byrja með. Úttektin er bóndanum að kostnaðarlausu. Við hvetjum áhugasama framleiðendur til að hafa samband við Jarle, annað hvort í síma 854 6006 eða netfangið [jarle@ms.is](mailto:jarle@ms.is)

F.h. starfhópsins  
Jarle Reiersen

